

Langanesbyggð
Arnar Birgir Ólafsson

Reykjavík, 26. september 2024

Tilvísun: Þórshöfn202409026 / 3.2
202409027 / 3.4

Efni: Lýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi og gerð deiliskipulags vegna verslunar- og þjónustusvæðis að Skeggjastöðum

Langanesbyggð hefur, með erindi dags. 6. september 2024 óskað umsagnar Skipulagsstofnunar um lýsingu, dags. 26. ágúst 2024 vegna breytingar á aðalskipulagi sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga og tillögu að deiliskipulagi sbr. 1. mgr. 40. gr. sömu laga.

Viðfangsefni fyrirhugaðrar skipulagstillögu er að marka stefnu um nýtt verslunar- og þjónustusvæði í landi Skeggjastaða þar sem gert er ráð fyrir 8, 40 m² gistihúsum til útleigu, samtals byggingarmagn 320 m².

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og telur lýsinguna veita góða mynd af viðfangsefni skipulagsbreytingarinnar.

Stafrænt aðalskipulag

Minnt er á að þegar aðalskipulagstillaga verður sett fram í Skipulagsgátt til athugunar fyrir auglýsingu sbr. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga þarf að skila inn aðalskipulagsgögnum á stafrænu formi auk hefðbundinna skipulagsgagna.

Stafræn afmörkun deiliskipulags

Minnt er á að þegar deiliskipulagstillaga verður lögð fram í Skipulagsgátt til athugunar eftir auglýsingu þarf að fylgja afmörkun deiliskipulagsins á stafrænu formi ef við á, fyrir birtingu í Skipulagsvefsjá.

Sigríður Björk Jónsdóttir

